

Minnisblað

Dagsetning:	19. apríl 2021
Sendandi:	Samstarfsnefnd Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar
Efni:	Aðkoma Alþingis og ríkisstjórnar að Húnavetningi
Viðtakandi:	Þingflokkar á Alþingi
Skjalið samdi:	Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf ehf.

Húnavetningur

Sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar hafa samþykkt að atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaganna fari fram 5. júní 2021. Verkefnið hefur hlotið nafnið **Húnavetningur** og er unnið í samræmi við stefnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sameiningu sveitarfélaga og þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.



Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Húnavetninga er að Austur-Húnavatnssýsla verði umhverfisvænasta samfélag landsins. Stofnun Umhverfisakademíu og markviss stefnumótun eru meðal fyrstu aðgerða í þá átt. Sú sýn er í samræmi við **Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024**. Stuðningur stjórnvalda við stofnun Umhverfisakademíu, atvinnuþróun og samgöngubætur eru forsenda þess að framtíðarsýnin nái fram að ganga og að íbúar samþykki tillögu um sameiningu sveitarfélaganna.

Sameining skóla og stofnun Umhverfisakademíu



Samþykki íbúar sameiningu sveitarfélaganna er stefnt að því að sameina starfsemi Húnavallaskóla og Blönduskóla og ná þannig fram rekstrarhagræði fyrir nýtt sveitarfélag og stuðla að aukinni nýsköpun í námi. Áður en það gerist er afar mikilvægt að finna nýtt hlutverk fyrir mannvirki á Húnavöllum og skapa ný atvinnutækifæri. Meðal annars með stofnun

Umhverfisakademíu sem bjóði upp á nám í umhverfisfræðum.

Samgöngur og innviðir

Stóraukið viðhald héraðs- og tengivega og markviss uppbygging þeirra eru meðal forgangsverkefna í stefnumótun SSNV í samgöngumálum. Ástand héraðs- og tengivega stendur uppbyggingu fyrir þrifum og skerðir lífsgæði íbúa, en fjölmargir íbúar í dreifbýlinu aka daglega um vegina vegna vinnu eða skóla.

Forgangsverkefni Húnavetninga eru að byggja upp og leggja slitlag á eftirfarandi vegi:

- Skagavegur um Skaga um 12 km.
- Þingeyrarvegur um 6 km.
- Svínvetningabraut um 27 km.

Húnavetningar vilja skýra forgangsröðun um uppbyggingu héraðs- og tengivega í sýslunni á árunum 2021-2025.

Kjalvegur

Húnvetningar styðja Þingsályktunartillögu um endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd, sbr. þingskjal 1175—696. mál á 151. löggjafarþingi.

Sjúkraflugvöllur á Blönduósi

Flugvöllurinn á Blönduósi, verði eins fljótt og auðið er, lagður bundnu slitlagi til að hann geti sinnt hlutverki sínu sem sjúkraflugvöllur.

Stofnframkvæmdir við hafnir og sjóvarnir

Endurbygging Ásgarðs á Skagaströnd er á samgönguáætlun, og uppbygging sjóvarna. Áætlaður kostnaður er um 385 m.kr. og er farið fram á að fjármögnun verði tryggð á tímabilinu 2020-2022. Mótframlag sveitarfélaganna er tryggt.

Atvinnulíf, byggðapróun og opinber þjónusta

Framtíðarsýn Húnvetninga er að áfram verði byggt á styrkum stoðum atvinnulífs á svæðinu, þ.e. landbúnaði, þjónustu, sjávarútvegi, ferðaþjónustu, sbr. m.a. liði **C.1. og C.2. í Stefnumótandi byggðaaætlun**. Svæðið hefur átt undir högg að sækja undanfarna áratugi og brýnt er að setja mikinn kraft í atvinnuþróun og byggðaaðgerðir.

Ýmis brýn verkefni eru í atvinnu- og byggðamálum á svæðinu en meðal þeirra er stuðningur við stofnun Umhverfisakademíu, uppbyggingu ferðamannastaða og fjölgun starfa við Innheimtustofnun sýslumanns á Blönduósi og Vinnuálastofnunar á Skagaströnd.

Aðgerðir og ívilnanir sem snúa að byggðakvóta, línuívilnun og strandveiðum myndu styrkja atvinnulífið hratt og örugglega.

Orkumál

Raforka er framleidd á svæðinu í miklum mæli. Tryggja þarf að hún nýtist vel til atvinnuuppbyggingar m.a. með því að því að létta á flutningskerfinu á svæðinu með nýrri flutningsleið frá Blönduvirkjun í Hrutatungu. Með því getur burðargeta byggðalínunnar nýst til að flytja raforku til notenda á svæðinu en aðgengi að raforkunni hefur hingað til verið takmarkað vegna burðargetu flutningskerfisins. Aukið aðgengi að orku getur ennfremur nýst í landbúnaðarframleiðslu, t.a.m. grænmetisrækt í gróðurhúsum.

Samandregið

Sveitarstjórnarfolk í Austur-Húnavatnssýslu hefur tekið frumkvæði í að fylgja stefnu stjórnvalda með því að fram fari kosning um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra.

Væntingar Húnvetninga er að ríkið og Alþingi fylgi eigin stefnumörkun á sama hátt og sveitarfélögin, með því að forgangsraða fjármunum til að styðja myndarlega við verkefnið. Á þann hátt verður auðveldara að vinna tillögum um sameiningu sveitarfélaganna fylgis meðal íbúa.

Nánari upplýsingar veita

Jón Gíslason, formaður samstarfsnefndar

Netfang: jon@hunavatnshreppur.is

Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri

Netfang: robert@rrradgjof.is

húnvetningur.is

Teikningar: Elín Elísabet og Rán Flygenring



Sveitarfélag	Íbúar	Km ²
Blönduósibær	956	181
Húnavatnshreppur	375	3.822
Skagabyggð	94	494
Sveitarfélagið Skagaströnd	465	49
Alls	1.890	4.546

Íbúafjöldi skv. Þjóðskrá Íslands 1. apríl 2021